

## 6. gr.

40

Úr 6. gr. laganna falli burt orðin „Ekkert lán má þó fara fram úr 5000 kr.“, en í þeirra stað komi: Ekkert lán má þó vera hærra en sem nemur  $\frac{1}{5}$  — einum fimmta hluta — nettótekna sjóðsins árið áður.

27. júní

## 7. gr.

Orðin „úr ríkissjóði“ í 9. gr. laganna falli burt, en í þeirra stað komi: af tekjum sjóðsins.

## 8. gr.

Á eftir „iðnaðarmanna“ í 10. gr. laganna komi: stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda.

## 9. gr.

Í stað „ráðherra“ í 13. gr. laganna komi: sjóðsstjórnin.

## 10. gr.

Í stað orðanna „af yfirskoðunarmönnum landsreikninga“ í 14. gr. laganna komi: af tveimur mönnum, er ráðherra skipar.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

41

um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

27. júní

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Fyrir orðin „285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur“ í 1. gr. laganna kemur: 400000 — fögur hundruð þúsund krónur.

## 2. gr.

Fyrir orðin „320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna“ í 2. gr. laganna kemur: 600000 — sex hundruð þúsund króna.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*